

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 52 ? 15.09.2005

Mánudaginn 15. ágúst, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16.00 í húsi Skagafjarðarveitna að Borgarteigi 15, Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason, Páll Pálsson veitustjóri, og Árni Egilsson, sem ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Ársreikningar 2004 lagðir fram.
2. Ákvörðun um aðalfund félagsins.
3. Jarðhitaleit út að austan.
4. Staða framkvæmda í Akrahreppi
5. Hitaveita sunnan Steinsstaða.
6. Fyrirhugaðir samningar við Hólaskóla.
7. Bréf frá Blönduóssbæ.
8. Önnur mál.

### AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lagðir fram til kynningar ársreikningar Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2004.
2. Samþykkt að boða til aðalfundar Skagafjarðarveitna ehf. fyrir árið 2004 fimmtudaginn 25. ágúst 2005 14.30 að Borgarteigi 15 Sauðárkróki.
3. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu mála, lagði fram tölvupóst frá Orkusjóði dags 10. ágúst 2005 þar sem kemur fram að lánveiting til Skagafjarðarveitna sé óbreytt við Kýrholtsskerfnið. Lögð fram tvö verðtilboð í borun á hitastiguls- og vinnsluholum út að Austan frá Jarðborunum hf. og Ræktunarsambandi Flóa og Skeiða ehf. Samþykkt að ganga til samninga við Ræktunarsambandið um borun vinnsluhola í Hrollleifsdal og Kýrholti og hitastigulshola samkvæmt áætlunum ÍSOR.
4. Páll Pálsson gerði grein fyrir stöðu framkvæmda í Akrahreppi. Framkvæmd verksins er á áætlun.
5. Páll Pálsson gerði grein fyrir óskum sem hafa komið fram frá fulltrúum jarðarinnar Mælifells um að vera með í lagningu hitaveitu sunnan Steinstaða. Páli falið að vinna frekar að málinu.
6. Rætt um fyrirhugaða samninga Skagafjarðarveitna ehf. og Hólaskóla um sölu á heitu og köldu vatni og sjó til VERSINS. Páli falið að ganga frá samningum.
7. Lagt fram bréf frá Blönduóssbæ dags 16. júní 2005 vegna samskipta Skagafjarðarveitna ehf. og Blönduóssbæjar um sölu á Hitaveitu Blönduós.
8. Önnur mál.  
Engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.50  
Árni Egilsson ritari.

Sigrún Alda Sighvats (sign)  
Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)  
Páll Pálsson (sign)